

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. nóvember 2012
Tilvísun: UST20121000196/mik

Efni: Laxeldisstöð, Laxa fiskeldis ehf. Í sjókvíum í Fáskrúðsfirði – umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. október 2012 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Með ofangreindu erindi barst kynningarskýrsla Laxa fiskeldis ehf. um fyrirhugaða framkvæmd.

Starfsemi

Í skýrslu frá Löxum fiskeldi ehf. um eldi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði kemur fram að fyrirhugað er að byggja upp öflugt áframeldi á laxi í sjókvíum á Austfjörðum. Áformað er að framleiðsla fyrirtækisins muni nema ríflega 20.000 tonnum á svæðinu. Þar af næmi ársframleiðsla í Fáskrúðsfirði 4000 tonnum af laxi. Fyrir er HB Grandi með 3000 tonna ársframleiðslu á þorski í Fáskrúðsfirði og Þorskeldi ehf. með 199 tonna framleiðslu.

Fram kemur að félagið mun í tengslum við sjókvíaelðið reka starfsleyfisháð sláturhús í Fjarðarbyggð. Starfsemin mun nýta þá hafnaraðstöðu sem nú þegar er til staðar og er ekki þörf á að gera sérstakar ráðstafanir þar að lútandi. Sett verða út 80-100 gr. sjógönguseiði sem munu ná sláturþyngd, 5 kg, á um 22-24 mánuðum. Ráðgert er að hefja eldi á árinu 2015 og að árið 2018 muni framleiðslan ná hámarki. Þegar fiskarnir hafa náð sláturstærð 5 kg. ætti hámarks lífmassi að vera 630 til 650 tonn í hverri kví. Hámarkspéttleiki ætti því að aldrei að vera meiri en 25 kg/m^3 . Gert er ráð fyrir að standandi lífmassi verði aldrei meiri en 5000 tonn.

Fyrirhugað er að setja upp kvíar á 3 stöðum í Fáskrúðsfirði, 12 kvíar í allt. Eldi fer fram á tveimur stöðum samtímis og verður því ávallt eitt svæði í hvíld. Kynslóðum verður ekki blandað saman. Notast verður við eldiskvíar sem fullnægja kröfum Fiskistofu. Fyrirhugað er að velja kvíar í hæsta gæðaflokki sem viðurkenndar eru af norskum yfirvöldum og tryggingarfélagum þar sem gerðar eru strangar kröfur til búnaðar og festinga. Hafa sambærilegar kvíar verið notaðar í Breiðafirði og Mjóafirði í fjölda ára.

Kvíarnar eiga að þola þann ágang sjávar og veðráttu sem vænta má í Fáskrúðsfirði. Ummál kvíanna er 157 metrar.

Fyrst um sinn verða seiði flutt landleiðina á sérbúnum seiðaflutningabílum en síðar mun verða notast við brunnbáta. Laxinn sem til stendur að nota við eldið, Sagalax, hefur verið notaður hér á landi frá 1984 og verið dreift á eldisstöðvar um allt land. Gönguleiðir laxfiska eru hvergi nærri fyrirhugaðri fiskeldisstöð.

Umhverfisáhrif

Samkvæmt skýrslu Laxa fiskeldis ehf. sýna niðurstöður þeirra náttúrurannsókna sem fyrir liggja og sú þekking sem menn hafa í dag um áhrif fiskeldis á opnum hafsvæðum og síður viðkvæmum viðtökum að áhrif af fyrirhuguðu laxeldi í Fáskrúðsfirði verði óverulegar, staðbundnar og afturkræfar breytingar á botni eldissvæða.

Gert er ráð fyrir að fjarlægð milli kvíasvæða verði innan við 5 km en í 3. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012 er tekið fram að lágmarksfjarlægð skuli vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Í sömu grein er þó tekið fram að Fiskistofa, að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknarstofnunina að fenginni umsögn sveitarstjórnar geti heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.

Gert er ráð fyrir að losun næringarefna í föstu formi frá eldinu verði um 52 tonn af köfnunarefni og 24 tonn af fosfati á ári þegar fullri framleiðsla er náð. Gera má ráð fyrir að hluti þess efnis setjist á botn undir kvíunum. Með hvíld svæða í eitt ár telur Laxar fiskeldi ehf. að aukning á lífrænum úrgangi ætti ekki að valda varanlegum neikvæðum áhrifum. Einnig að áhrif næringarefnaaukningarinnar séu bundin við kvíasvæðin og nái ekki mikið út fyrir þau. Áætlanir fyrirtækisins gera jafnframt ráð fyrir 15 tonna afföllum vegna fiskadauða við framleiðslu hverra 4000 tonna. Gerir fyrirtækið ráð fyrir að urða þann fisk sem drepst í samráði við Umhverfisstofnun.

Fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðila að rannsóknir hafa farið fram á straumi og hitastigi við Merki í Fáskrúðsfirði og að aðstæður séu ákjósanlegar fyrir fiskeldi hvað þá þætti varðar. Fram kemur að meðalstraumhraði við Merki er 3,7 cm/sek. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt leiðbeiningum um bestu fánlegu tækni við fiskeldi (BAT) er staðarval fiskeldis miðað við að meðalstraumur sé a.m.k. 5 cm/sek.

Vitnað er í skýrslu um rannsóknir á botndýralífi á svæðinu sem Náttúrustofu Vestfjarða gerði í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Laxar fiskeldi ehf. gerir ráð fyrir í kynningarskýrslu sinni að botndýra samfélög séu líklega svipuð á þeim svæðum sem rannsökuð voru og megi gera ráð fyrir að svo sé víðast þar sem dýpi og aðrar aðstæður eru svipaðar í þessum fjörðum. Ekki kemur fram hvar sýnatökustaðirnir eru sem vísað er til.

Að mati framkvæmdaraðila mun aukning næringarefna á svæðunum ekki hafa áhrif á grunnsævi í Fáskrúðsfirði. Munu Laxar fiskeldi ehf. leita til fagfólks við að fylgjast vel með botni fjarðarins og mögulegri uppsöfnun næringarefna. Mest uppsöfnun næringarefna er við kvíarnar sjálfar. Áhrif fiskeldis á umhverfið eru því lítil þegar komið er út fyrir eldissvæðið að mati framkvæmdaraðila. Jafnframt er það mat framkvæmdaraðila að ekki sé um að ræða sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum í firðinum þar sem áhrifa framkvæmdar gæti ekki þegar komið er út fyrir 1 km fjarlægð frá eldisstöð.

Notaðar verða selafætur til að varna því að selir skemmi nótina. Eins verða strekkt gróft fuglanet yfir kvíarnar til að varna því að fuglar komist í hana. Kopar verður ekki notaður til að halda niðri lífrænum vexti á nótum kvíanna.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í eldiskvíum í Fáskrúðsfirði muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Samanlögð framleiðsla fiskeldis í Fáskrúðsfirði mun verða 7200 tonn þegar eldi Laxa fiskeldis ehf. verður komin af stað. Umhverfisstofnun telur, miðað við það sem fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila, að aðstæður í Fáskrúðsfirði séu með þeim hætti að líklegt sé að neikvæð áhrif umrædds fiskeldis verði lítil m.a. þar sem ekki er um þröskuldsfjörð að ræða og vatnaskipti því mikil í firðinum.

Stofnunin telur þó að æskilegt væri að fram færu ítarlegri rannsóknir á botndýralífi og straumum á þeim stöðum sem eldi er fyrirhugað á. Fylgjast þarf með dreifingu úrgangsefna frá eldinu þannig að ekki skapist hætta á útrýmingu botndýra af eldissvæðinu og uppsöfnun úrgangsefna sem geta leitt af sér súrefnisþurrð. Telur stofnunin mikilvægt að hvíld svæða verði hagað eftir ástandi þeirra og niðurstöðum vöktunar. Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds að framkvæmdir og starfsemi fyrirhugaðs fiskeldis í Fáskrúðsfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11 gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur